



réttur
Ráðgjafi & málflutningur

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík

4/7 '11

Reykjavík, 30. júní 2011.

Efni: Tilkynning um áfrýjun.

Hér með tilkynnist ríkissaksóknara, í samræmi við 2. mgr. 199. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að skjólst. mínir Ólafur J. Bjarnason, kt. 090447-6379 og Ása Einarsdóttir, kt. 110650-5589, bæði til heimilis að Reykjavegi 82, Mosfellsbæ, hafa falið mér að óska eftir að áfrýjað verði fyrir sitt leyti til Hæstaréttar Íslands, dómi Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 10. júní 2011 í málinu nr. S-521/2010: Ákærvaldið gegn Ásu Einarsdóttur og Ólafi J. Bjarnasyni.

Samhliða tilkynningu þessari er yður send rökstudd beiðni um leyfi til áfrýjunar í samræmi við 2. mgr. 198. gr. laga nr. 88/2008.

Dóminum er áfrýjað í heild sinni í því skyni að niðurstaða Héraðsdóms Suðurlands verði ómerkt og að málinu í heild sinni verði vísað frá héraðsdómi. Skjólst. mínir byggja kröfu sína um frávisun á því að ágalli sé á ákæru í málinu og að hann sé slíkur að ekki verði kveðinn upp dómur um efni málsins. Í fyrsta lagi eru ætluð brot skjólst. minna ranglega heimfærð undir a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, meðal annars vegna þess að efnisskilyrði þess liðar eru ekki uppfyllt. Hið ætlaða brot skjólst. minna getur ekki fallið undir ákvæðið þar sem ekki var um „miklar sakir“ að ræða í skilningi fyrrgreinds ákvæðis, ekki var um veiðar án leyfis að ræða og skjólst. mínir voru ekki að veiðum í vatni annars manns umrætt sinn. Í öðru lagi er vafi um hvort samþykktir Tungufljótsdeildarinnar séu gildar og þar með hvort ráðstafanir hennar séu lögmætar þannig að skjólst. mínum hafi ekki verið heimilt að veiða fyrir landi sínu umrætt sinn. Í þriðja lagi er ákæra í málinu byggð á leigusamningi um veiðiréttindi í Tungufljóti þar sem skjólst. mínum er gert að sök að hafa verið við óheimilar veiðar. Sakarefni málsins veltur þannig á tilvist samnings sem einkaréttarlegur ágreiningur ríkir um, bæði hvað varðar efni og lögmæti samningsins. Á meðan ekki hefur verið endanlega skorið úr um lögmæti samningsins þá er uppi réttmætur vafi um það hvort veiði skjólst. minna í Tungufljóti fyrir landi sínu í Bergsstöðum í umrætt sinn, hafi verið ólögmæt og refsiverð samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Þá er með efnislegum dómi í

máli þessu óhjákvæmilega skorið úr um lögmæti samningsins, þ.e. um hinn einkaréttarlega ágreining. Slíkt verður ekki gert í máli sem lýtur meðferð samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda er ómögulegt fyrir skjólst. mína að taka til varna í einkaréttarlegri deilu í sama máli og þeir taka til varna vegna ákæru á hendur þeim.


Til vara er dóminum áfrýjað í því skyni að niðurstöðu hans verði breytt á þá leið að skjólst. mínir verði sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu. Skjólst. mínir telja að háttsemi þeirra verði ekki færð undir verknaðarlýsingu ákvæðis a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Refsiheimildin tekur samkvæmt orðanna hljóðan ekki til ætlaðs brots skjólst. minna, enda er í ákvæðinu gerð krafa um „miklar sakir“. Skjólst. mínir byggja jafnframt á því að vafa um hvort sú háttsemi sem þeim er gefin að sök sé refsiverð í ljósi einkaréttarlegs ágreinings um ráðstöfun á veiðirétti í Tungufljóti beri að túlka þeim í hag. Í þessu tilliti er vísað til sjónarmiða til stuðnings aðalkröfu hér að framan. Kröfu um sýknu byggja skjólst. mínir enn fremur á því að meint refsiverð háttsemi hafi ekki verið framin af ásetningi heldur gáleysi enda voru þau í góðri trú um að þau væru í rétti við veiðar fyrir eigin landi.

Til þrautavara er dóminum áfrýjað í því skyni að héraðsdómi skuli breytt á þá leið að refsing verði látin niður falla. Skjólst. mínir byggja á því að í ljósi þess að þeir töldu sig vera í rétti við veiðar umrætt sinn, fyrir eigin landi Bergstöðum, hefði átt að láta refsingu í málinu falla niður. Kröfu sína um að refsing verði látin niður falla byggja skjólst. mínir á því að ágreiningur ríkir um heimild Tungufljótsdeildar til ráðstöfunar á veiðirétti í Tungufljóti fyrir landi ákærðu og því sé óljóst um grundvöll ákæru í málinu. Þá skuli til þess líta að hinn einkaréttarlegi ágreiningur sem uppi er í málinu varðar stjórnarskrárvarin eignarréttindi ákærðu. Enn fremur skuli til þess litið að meint brot skjólst. minna voru hvorki stórfelld né framin af ásetningi.

Áfrýjun skjólst. minna er aðallega reist á e-lið 1. mgr. 196. gr. laga nr. 88/2008. Áfrýjun er til vara reist á b-lið 1. mgr. 196 gr. laga nr. 88/2008 en til þrautavara á a-lið 1. mgr. 196. gr. laga nr. 88/2008.

Ofangreindir skjólst. mínir hafa óskað eftir því að undirritaður verði skipaður verjandi þeirra fyrir Hæstarétti, sbr. 5. mgr. 201. gr. laga nr. 88/2008.

Virðingarfyllst,


Arnar Þór Jónsson hrl.